Samþykt

140
16. des.

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og þeim þiljuðum mótorbátum, sem ekki eru stærri en nemi 15 smálestum, í Vestmannaeyjasýslu.

1. gr.

Frá 1. degi janúarmánaðar til 30. aprílmánaðar skal aldrei farið til fiskjar seinna á degi en kl. 4 e. h. Í janúarmánuði og til 15. febrúarmánaðar, að þeim degi meðtöldum, eigi fyr en kl. 5 f. h. Frá 15. til loka sama mánaðar eigi fyr en kl. $4^1/_2$ f. h. Frá 1. til 15. marz, að báðum dögum meðtöldum, eigi fyr en kl. 4 f. h. Frá 15. til loka sama mánaðar eigi fyr en kl. $3^1/_2$ f. h. Frá 1. til 15. apríl, að báðum dögum meðtöldum, eigi fyr en kl. 2 f. h., og frá 15. til loka sama mánaðar eigi fyr en kl. 12 miðnótt.

2. gr.

Á hverjum vetrar-vertíðarbát skulu, er til fiskjar er farið, ávalt vera að minsta kosti 8 pottar af lýsi eða olíu og sömuleiðis áreiðanlegur áttaviti. Formaðurinn ber ábyrgð á að þessa sé gætt.

3. gr.

Formenn skulu gæta þess, að leggja ekki á »Leiðina« of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Eigi má leggja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bátnum, sem á »Leiðina« hefir lagt; en sá bátur hefir forgangsrétt, er af sjó kemur; fyrir mótorbát gengur opið skip.

4. gr.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu kýs ár hvert 3 formenn í nefnd, til þess að gæta þess, að fyrirmælum þessarar samþyktar sé fylgt. Enginn formaður í sýslunni getur skorast undan kosningu. Ber gæzlumönnum að kæra fyrir lögreglustjóra brot gegn samþyktinni þegar er þeim verður kunnugt um þau.

5. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 5—500 kr., er renna í sveitarsjóð.

140
16. des.

6. gr.

Af hverjum hlut frá sjó skal greiða yfir vertíð hverja 1 kr. til þess að bæta lendingar í Vestmannaeyjasýslu. Gjald þetta, sem taka má lögtaki á þann hátt er segir í lögum 16. desember 1885, greiðist fyrir 1. apríl og 1. júní, og skal formaður annast um greiðslu þess, en oddviti sýslunefndarinnar innheimtir gjaldið gegn 4% innheimtulaunum, og gerir reikning fyrir því.

7. gr.

Fé það, sem innheimt er eftir 6. gr., rennur í Lendingarsjóð Vestmannaeyja og er hann í ábyrgð sýslunefndarinnar, er sér um ávöxtun hans á sem tryggilegastan og haganlegastan hátt, og veitir nefndin fé úr sjóðnum er þörf þykir til þess að bæta lendingar á samþyktarsvæðinu.

8. gr.

Samþykt um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Vestmannaeyjasýslu frá 20. apríl 1906 er hérmeð úr gildi fallin.

Samþykt þessi, sem samin er og samþykt samkvæmt lögum nr. 28, 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lögum nr. 53, 10. nóv. 1905 og lögum nr. 23, 9. júlí 1909, um viðauka við fyrstnefnd lög, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1911 og kunngerð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 16. desember 1910.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.